

Tillaga til landsþings 18.12.2020:

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 18. desember 2020, hvetur til eflingar sveitarstjórnarstigsins með sameiningum og stækkun sveitarfélaga. Þingið ítrekar stuðning við flest meginatriði stefnumótandi áætlunar um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem Alþingi hefur samþykkt.

Landsþing minnir á mikilvæga liði í aðgerðaáætlun sem ekki er farið að vinna að, svo sem um styrkingu tekjustofna sveitarfélaga, tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga, fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni og fleiri mikilvæg atriði tillögunnar. Landsþing hafnar þó lögfestingu íbúalágmarks. Sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga og lýðræðislegan rétt íbúa sveitarfélaga ber að virða, óháð stærð þeirra.

Greinargerð með tillögu

Á aukalandsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga 6. sept. 2019 var samþykkt tillaga stjórnar um stuðning við þingsályktunartillögu um eflingu sveitarstjórnarstigsins með 11 liða aðgerðaáætlun. Tillaga stjórnar var ekki kynnt fyrr en umræður um hana hófust, það rímar raunar ekki vel við samþykktir sambandsins dags. 24. mars 2017. Því var ekkert svigrúm til að bregðast við þó gallar kynnu að vera á tillögu stjórnar. Eðlilega hlaut tillaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins góðan stuðning, en ekki var kosið um einstaka aðgerðir einungis tillögunna í heild. Eftirá að hyggja var það gölluð málsmeðferð.

Sjálfstjórnarréttur sveitarfélaga er eitt af helgustu véum þeirra, þannig hefur það t.d. verið skilgreint hlutverk aðallögfræðings sambandsins sem hluti af hans starfi „að standa vörð um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga“. Það fer gegn eðli sambandsins og samþykktu þess að kjörnir fulltrúar taki afdrifaríkar ákvarðanir sem varða einungis örlög annarra sveitarfélaga en þeirra eigin, og gegn vilja þeirra sem þær snerta. Svo var einmitt með tillögu um íbúalágmark. Því hefði verið eðlilegra að sá liður í aðgerðaáætlun hefði verið undanskilinn þegar greidd voru atkvæði um tillöguna.

Þrátt fyrir greinargerðir og mikinn málflutning er erfitt að sjá nokkur haldbær rök fyrir 1.000 íbúa lágmarki. Enda hafa komið fram sjónarmið um að eðlilegra væri að hafa markið hærra, jafnvel mikið hærra. T.d. mætti rökstyðja 8.000 íbúa mark með vísun í þjónustusvæði fatlaðra og ef horfa á til fullrar hagkvæmni í rekstri, væri kannski 20.000 nær lagi. En þá kemur landafræðin og dreifð byggð á móti sem gerir slíkt illframkvæmanlegt svo að virki. Aðstæður eru mjög mismunandi á Íslandi og því er engin ein tala sem hægt er að segja að sé hin eina rétta um land allt.

Þrátt fyrir almenna stefnu um stækkun sveitarfélaga og eflingu þeirra, er lýðræðið grundvallaratriði. Enda er lýðræði og íbúalýðræði rauður þráður í þeirri tillögu sem samþykkt var að styðja. Íbúum er fyllilega treystandi til að taka skynsamlegar ákvarðanir í sameiningarmálum og því óþarft að lögfesta íbúalágmark í sveitarfélögum. Enda er sannarlega margt að gerast í sameiningarmálum nú um stundir og mikið farsælla að sú þróun

gerist ekki undir hótun um lögþvingun. Lýðræði endar ekki við einhverja tölu. Þeir sem styðja 1.000 íbúa lágmark geta ekki hafnað því að lágmarkið verði síðar sett í t.d. 5.000 eða 8.000. Fyrir slíkri afstöðu eru ekki rök, eingöngu eiginhagsmunir.

Minni sveitarfélög eru og hafa lengi verið fullgild aðildarfélög í sambandinu. Flest eru það enn og vilja vera svo áfram. Þau geta þó ekki unað við það til lengdar að á þeim sé brotið og þeirra íbúum. Kjörnir fulltrúar stærri sveitarfélaga hafa ekki lýðræðislegt umboð til að álykta um örlög minni sveitarfélaga, slíkt á ekki heima í þessum ágæta félagsskap. Fulltrúar stærri sveitarfélaga mættu hugsa til gullnu reglunnar: *Það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra.*

3. desember 2020,

Eftirtaldir leggja ofangreinda tillögu fyrir landsþingið:

Fjóla V Stefánsdóttir, oddviti Grýtubakkahrepps
Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri Grýtubakkahrepps
Björgvin Helgason, oddviti Hvalfjarðarsveitar
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar
Bragi Þór Thoroddsen, sveitarstjóri Súðavíkurrepps
Eva Sigurbjörnsdóttir, oddviti Árneshrepps
Jóhann F. Þórhallsson, oddviti Fljótsdalshrepps
Helgi Gíslason, sveitarstj. Fljótsdalshrepps
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, oddviti Skagabyggðar
Halldór Gunnar Ólafsson, oddviti Sveitarfélagsins Skagastrandar
Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri Sveitarfél. Skagastrandar
Aðalsteinn J. Halldórsson, oddviti Tjörneshrepps
Finnur Ólafsson, oddviti Kaldrananeshrepps
Hrefna Jóhannesdóttir, oddviti Akrahrepps
Axel Grettisson, oddviti Hörgársveitar
Snorri Finnlaugsson, sveitarstjóri Hörgársveitar
Ingimar Ingimarsson, varaoddviti Reykhólahrepps
Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti Tálknafjarðahrepps
Árni Hjörleifsson, oddviti Skorradalshrepps
Pétur Davíðsson, sveitarstjórnarfulltrúi Skorradalshreppi
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri Grímsnes- og Grafningshrepps
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps
Björg Erlingsdóttir, sveitarstjóri Svalbarðsstrandahrepps
Anna Karen Úlfarsdóttir, varaoddviti Svalbarðsstrandahrepps
Jón Stefánsson, oddviti Eyjafjarðarsveitar
Ásta Arnbjörg Pétursdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi Eyjafjarðarsveit
Sigurður Þór Guðmundsson, oddviti Svalbarðshrepps
Þorsteinn Egilsson, oddviti Langanesbyggðar
Jónas Egilsson, Sveitarstjóri Langanesbyggðar
Baldur Smári Einarsson, fom. bæjarráðs Bolungarvíkur
Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir, oddviti minnihluta í bæjarstjórn Bolungarvíkur